

**Nd.**

**200. Nefndaralið**

um frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá háttv. efri deild, og eru aðalbreytingar þær, sem það hefir inni að halda á nógildandi lagaákvæðum, þessar:

1. Nánari ákvæði um útsvarsskyldu þar sem bú, verslun eða annað arðsamt fyrirtæki er rekið alt gjaldarið, en eigandi á lögheimili í öðrum hreppi.
2. Öll afnot af laxveiði gerð útsvarsskyld, »hvort sem laxveiðin er rekin sem atvinna eða að eins til skemtunar og á hvern hátt sem veiðin er stunduð«.
3. Þá er breytt nokkuð til um útsvarsskyldu aðkomuútvegsmarna.

Hingað til hafa allir þeir, er eiga heima í sýslunni eða við sama fjörð eða flóa, þar sem veiðin er stunduð, verið lausir við að greiða útsvar, en í frv. er heimilað að leggja útsvar á alla útvegsmenn, sem búa *utan sýslu*.

Nefndin hefir athugað þessar breytingar og felst á þær. Ákvæðið um laxveiðina er nauðsynleg rjettarbót, og sumar breytingarnar eru til skýringa, sem æltu að varna ágreiningi milli hreppsnefnda.

Nefndin vill því ráða hv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 2. apríl 1922.

Stefán Stefánsson,  
form.

Þórarinn Jónsson,  
fundaskrifari.

Þorleifur Jónsson,  
framsögum.

Eiríkur Einarsson.

Þjetur Þórðarson.